

# FJALLSKILADEILD GRÍMSTUNGU- OG HAUKAGILSHEIÐA

---

Stjórn fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiða kom saman á fund, þriðjudaginn 9. nóvember 2021.

Fundurinn haldinn á Húnavöllum og hófst klukkan 20:30

**Mætt voru:** Birgir Ingbórsson, Egill Herbertsson, Þóra Margrét Lúthersdóttir og Einar Kristján Jónsson

Egill Herbertsson setti fundinn og lagði fram dagskrá:

## 1 Nafnasamkeppni:

a. Stjórn deildarinnar auglýsti eftir nafni á nýjan skála á Grímstunguheiði, alls bárust 26 nöfn.

i. Hér má sjá þau nöfn sem bárust í stafrófsröð:

1. Álver, Brik, Byrgi, Byrgið, Egilsbúð, Heiðahöllin, Heiðarból, Húnverska Heiðahöllin, Höfðaborg, Höfðaborgin, Ingunnarstaðir, Jónshús, Magnhús, Móða, Óravegur, Réttarhóll, Sigurhæðir, Skálmöld, Skjól, Stórhöfði, Undirheimar, Undraland, Vegamót, Veröld, Vinaninni og Ölver.

a. Stjórn deildarinnar samþykkti með tveim atkvæðum nafnið Vegamót og vísar þessari ákvörðun til sveitarstjórnar.

## 2 Framkvæmdir við nýjan skála á Grímstunguheiði:

a. Sveitarstjóri greindi frá því að framkvæmdir hefðu gengið vel og færu aðeins yfir fjárhagsáætlun.

b. Jafnframt greindi hann frá því að eitthvað hefur borist af yfirlitum vegna vinnu við skála.

## 3 Göngur og réttir:

a. Göngur og réttir haustið 2021, gengu vel, engin stór vandamál komu upp.

b. Mikill munur var fyrir gangnamenn að geta verið í einum skála og almenn ánægja með fyrirkomulag.

## 4 Framkvæmdir árið 2022:

a. Stjórn deildarinnar óskar eftir því að lagt verði rafmagn í Öldumóðuskála og nýja skálann á árinu 2022.

i. Er þessi ósk meðal annars, lögð fram, til að koma í veg fyrir skemmdir og að nýting á skálunum verði betri.

b. Aðrar framkvæmdir verði látnar bíða, vegna þess að deildin leggur áherslu á að fá rafmagn.

7 B.J. PML  
hjh

## 5 Önnur mál:

a. Þóra óskaði eftir að eftirfarandi yrði bókað:

- i. Þeir menn sem fóru í Víðidalstungurétt þann 11. september sl., fái greitt álag vegna þess hvað dagurinn varð langur. Akstri á fé lauk ekki fyrr en um klukkan 23:00.

Fleira ekki gert,  
fundi slitið klukkan 22:38

  
Birgir Inghórsson

  
Egill Herbertsson

  
Þóra Margrét Lúthersdóttir

  
Einar Kristján Jónsson